


## Breytingar í Meðferð/hjúkrunarmeðferð í Sögu 3.1.39.1-3 og 3.1.40.3


Í Sögu 3.1.39.1 var gerð eftirfarandi breyting í hjúkrunarmeðferð.

- **Hjúkrunarferli.** Nú eru sjálfgefið bara sóttir sjö dagar af framvindunótum og framkvæmd verkþátta þegar hjúkrunarferli einstaklings er opnað.
  - Tímabil sem hefur verið sótt er tilgreint í hausnum á fyrsta dálkinum í töflunni neðst í viðmóttinu sem sýnir lista af skráðum atriðum fyrir valda færslu í trénu.
  - Þessi breyting hefur ekki áhrif á textasýnir fyrir framvindunótur, þær virka eins og áður.



The screenshot shows the 'Hjúkrunarferli' (Nursing Care) interface. The main window displays a list of activities for a patient, including 'Hætta á ónógu flæði til heila' and 'Kviði'. Below the list, the 'Tímabil' (Time Period) is set to '04.04.2016 - 11.04.2016'. A red box highlights this field, and a red arrow points to the 'Tímabil' calendar widget on the right, which shows the dates 4th through 11th of April highlighted in blue.

- Smelli notandi á dagsetningu framur í dagatalinu þá sækir Saga gögn frá þeirri dagsetningu, uppfærir bara fyrri hluta tímabils (sækir meiri gögn). Seinni dagsetningin breytist ekki því hún er miðuð við daginn í dag.




The screenshot shows the 'Hjúkrunarferli' interface with the 'Tímabil' field set to '04.01.2016 - 11.04.2016'. A red box highlights this field, and a red arrow points to the 'Tímabil' calendar widget on the right, which shows the dates 4th through 11th of January highlighted in blue.

- Í Sögu 3.1.40.3 var bætt við **stilligildi #177** sem stýrir því hversu marga daga aftur í tímann framvindunótur og framkvæmd verkþátta eru sótt þegar hjúkrunarferli einstaklings er opnað í hjúkrunarmeðferð.

Í Sögu 3.1.39.2 var gerð eftirfarandi breyting í hjúkrunarmeðferð.

- **Skilaboðagluggi í framvindunótuglugga.** Ef hakað er við verkþátt, skrifuð athugasemd við verkþátt eða ef skrifuð er framvindunóta og ýtt er á „Loka“-hnappinn áður en ýtt hefur verið á „Vista“-hnappinn, þá birtist skilaboðagluggi. Í glugganum er spurt hvort notandi vilji vista og hann varaður við að óvistuð gögn muni tapast.



- „Já“ - hnappur vistar breytingarnar og lokar bæði skilaboða- og framvindunótuglugga.
- „Nei“ - hnappur lokar bæði skilaboða- og framvindunótuglugga án þess að vista.
- „Hætta við“ - hnappur lokar einungis skilaboðaglugganum.

Í Sögu 3.1.39.3 var gerð eftirfarandi breyting í hjúkrunarmeðferð.

- **Stærð á töflu sem sýnir framvindunótur og framkvæmd verkþátta.** Nú er hægt að fela eða sýna töfluna sem sýnir framvindunótur og framkvæmd verkþátta neðst í hjúkrunarferlaglugganum með því að smella á skiptislánna (splitter-inn). Einnig er hægt að stjórna hæð töflunnar með því að vinstri smella á skiptislánna og draga

gluggann til.

The screenshot shows a software interface for medical appointments. At the top, there are tabs for 'Hjúkrunarferli', 'Upplýsingaskrá', 'Útskriftaráætlun', and 'Dagbók'. Below these are sub-tabs for 'Ferli', 'Framvindunótur', 'Ferlissaga', and 'Framvindunótusaga'. The main area is a calendar grid with columns for hours from 07:00 to 14:00. On the left, there is a list of appointments under two categories: 'Almennar lyflækningar(T)' and 'Gigtarlækningar(H)'. A red box highlights a dropdown menu at the bottom of the calendar grid, with a red double-headed arrow pointing to it. Below the calendar, there is a section for 'Tímabil: 04.01.2016 - 11.04.2016' with a 'Skráð af' dropdown and a 'Texti' field.

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir